

Reikningsskilaráð ríkisins

52. Fundur – 10. febrúar 2021 kl. 09:00

Fundargerð

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Björn Þór Hermannsson, Ólafur Hjálmarsson og Anna Birgitta Geirfinnsdóttir.
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Birgir Finnþogason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.
- Fundurinn fór fram á Teams.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 51. fundar samþykkt.

2. Ríkisreikningur 2020, staðan.

Farið yfir vinnu og verkætlun vegna ríkisreiknings 2020, helstu atriði:

- Byrjað er að loka stofnunum, sem er fyrr en vanalega.
- Uppgjör vegna lánamála gengur vel.
- Uppgjör vegna desember keyrt í vikunni.
- Vegagerðinn, bæta má skýringar í ríkisreikning.
- Mikilvægt að sýna vel Covid kostnað á árinu 2020 og það komi jafnvel fram sem sér skýring eða séryfirlit.
- Áhættuskýring þarf að byrja að vinna og kemur til greina að Covid kostnaður falli þar undir.

3. Gjaldahópur.

Farið var verkefni sem sent verður til gjaldahóps reikningsskilaráðs. Ákveðið var að fela gjaldahópi reikningsskilaráðs eftirfarandi verkefni:

- COFOG flokkun
 - ✓ Yfirfæra nýjustu útgáfu COFOG staðalsins á fjárlög og ríkisreikning.
 - ✓ Flokka ríkisútgjöld samkvæmt COFOG staðlinum.
 - ✓ Ákveða vinnureglur milli FJR, Hagstofu og FJS um hvernig standa eigi að COFOG-flokkun nýrra viðfangsefna í framtíðinni.
- GFS lyklun
 - ✓ Yfirfara og samræma hagræna flokkun ríkisútgjalda skv. GFS staðlinum milli fjárlaga, ríkisreiknings og hagskýrslna. Við þá yfirferð verði bæði horft til lyklun gagna auk annarra aðlagana sem gerðar eru á milli framsetningar í fjárlögum og uppgjöri á fjármálum ríkissjóðs í hagskýrslum Hagstofu Íslands.
 - ✓ Ákveða vinnureglur milli FJR, Hagstofu og FJS um hvernig standa eigi að hagrænni flokkun nýrra viðfangsefna í framtíðinni.

4. Vinnuhópur um breytta flokkun hageininga

Rætt var um verkefni vinnuhóps FJR, FJS, Hagstofu og Ríkisendurskoðunar um breytta flokkun ríkisaðila. Breytt flokkun hagaðila snýr að því að stofnanir sem áður voru flokkaðar utan hins opinbera eru endurflokkaðar og teljast hluti af hinu opinbera. Má þar m.a. nefna flokkun Íbúðaláanasjóðs, Menntasjóðs námsmanna (LÍN) og RÚV. Mikil vinna á sér stað í fjármálaráðuneytinu við að greina áhrif þessara breytinga á ríkisfjármálin. Áfram verður fylgst með verkefninu.

5. Önnur mál.

Ekki var fleira rætt og fundi slitið kl. 10:00. Næstu fundir verða 10. mars og 7. Apríl nk.